

AUGLÝSING

um setningu íslenskra ritreglna.

1. gr.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur í dag gefið úr íslenskar ritreglur, sem gilda um stafsetningarkennslu í skólum og útgefið efni á vegum hins opinbera. Ritreglurnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er með stöð í 2. mgr. 6. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensk táknmáls, nr. 61/2011, öðlast þegar gildi.

Þessar reglur eru seinni hluti endurskoðunar Íslenskrar málsnefndar á íslenskum ritreglum og gilda til viðbótar þeim reglum sem birtar voru 6. júní 2016.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 19. júlí 2018.

Lilja D. Alfreðsdóttir.

Karitas H. Gunnarsdóttir.

Fylgiskjal.

21. KOMMA

Kommur eru settar á milli setninga sem ekki eru tengdar með samtengingum og utan um innskotssetningar sem geyma viðbótarupplýsingar. Þær eru einnig settar á milli orða og liða í upptalningu og til að afmarka ávörp, upphrópanir og viðauka.

21.1 Komma og setningar.

21.1.1 Komma er notuð þegar setningar koma hver á eftir annarri í sömu málsgrein án þess að þær séu tengdar með samtengingu. Setningar eru því *annaðhvort* aðgreindar með kómmum *eða* tengdar með samtengingum.

Sumir fengu ís, aðrir vildu frekar köku.

Sumir fengu ís en aðrir vildu frekar köku.

Rúna vann fyrstu skákina, gerði tvö jafntefli en tapaði fjórðu skákinni.

Rúna vann fyrstu skákina og gerði tvö jafntefli en tapaði fjórðu skákinni.

Mér leiddist inni, gat ekki fest hugann við neitt, fór út og gekk dálitla stund.

Hafa verður í huga að samtengingar geta lent fremst í málsgrein og ekki á milli þeirra setninga sem þær tengja. Samt sem áður er ekki höfð komma á mótum setninganna.

Þegar veðrið er gott líður mér vel.

Eins og áðan kom fram fellur fundurinn í dag niður.

Innskotssetningar fleyga aðrar setningar (aðal- eða aukasetningar) og þær geta verið afmarkaðar með kómmum (sjá 21.1.2).

Athugið. Ef skýringartengingin *að* fellur brott er ekki sett komma í hennar stað:

Hann veit að hún kemur. / Hann veit hún kemur.

Athugið. Ef skilyrðistengingin *ef* fellur brott er ekki sett komma í hennar stað (þá er sögn í skilyrðissetningu í viðtengingarhætti):

Þeir róa í kvöld ef veðrið skánar. / Þeir róa í kvöld skáni veðrið.

Ef veðrið skánar róa þeir í kvöld. / Skáni veðrið róa þeir í kvöld.

21.1.2 Kommur eru notaðar til að afmarka *innskotssetningu* tengda með samtengingu ef hún felur í sér viðbótarupplýsingar og hægt er að setja sviga utan um hana eða taka hana út án þess að merking aðalsetningarinnar glatist.

Þetta hús, sem var byggt 1920, er elsta húsið við götuna. (= Þetta hús er elsta húsið við götuna.

Það var byggt 1920. – Þetta innskot er með viðbótarupplýsingum.)

Gunnar, sem hafði verið leigubílstjóri í þrjátíu ár, lét ekki sitt eftir liggja. (= Gunnar lét ekki sitt eftir liggja. Hann hafði verið leigubílstjóri í þrjátíu ár. – Þetta innskot er með viðbótarupplýsingum.)

Árið 1939, þegar 21 ár var liðið frá lokum fyrri heimsstyrjaldar, hófst seinni heimsstyrjöldin. (= Árið 1939 hófst seinni heimsstyrjöldin. Þá var liðið 21 ár frá lokum fyrri heimsstyrjaldar. – Þetta innskot er með viðbótarupplýsingum.)

Gömlu hjónunum, sem höfðu búið í húsinu í áratugi, féll þungt að þurfa að flytjast á brott. (= Gömlu hjónunum féll þungt að þurfa að flytjast á brott. Þau höfðu búið í húsinu í áratugi. – Þetta innskot er með viðbótarupplýsingum.)

Ekki skal afmarka með kommu innskotssetningu tengda með samtengingu ef hún er ómissandi hluti af merkingu aðalsetningarinnar, afmarkar hana nánar og ekki er hægt að setja sviga utan um hana.

Sá sem fæst við erfitt verkefni verður að leggja hart að sér.

Nemandi sem stundar námið vel mun ná góðum árangri.

Það sem birtist á skjánum er ólæsilegt.

Strákurinn sem braut gluggann hljóp í burtu.

Nokkrir sem ég þekki ætla til Akureyrar í sumar.

Í þeim samdrætti sem nú gengur yfir er fráleitt að auka launakostnað fyrirtækjanna.

Lagt er til að útgerðir þeirra báta sem nú stunda veiðar með krókaleyfi geti fengið aflahlutdeild í einstökum tegundum.

Sérfræðingar á ýmsum sviðum er tengjast opinberum innkaupum kynntu nýjungar á fjölsótttri innkauparáðstefnu.

Alltaf þegar veðrið er gott sit ég úti í garði.

Ýmsir sem hér búa eru óánægðir.

Enginn þeirra sem kusu studdu formanninn í kjörinu.

Hvenær sem er hentar mér.

Sama málsgrein getur haft ólíka merkingu eftir því hvort innskotssetning hefur að geyma viðbótarupplýsingar sem setja má sviga um, eins og í (a), eða er nauðsynleg fyrir merkingu aðalsetningarinnar, eins og í (b):

- (a) Þingmenn kjördæmisins, *sem fengu boðsmiða*, komu á sýninguna.
= Þingmenn kjördæmisins komu á sýninguna en þeir fengu (allir) boðsmiða.
– Þetta innskot er með viðbótarupplýsingum.
- (b) Þingmenn kjördæmisins *sem fengu boðsmiða* komu á sýninguna.
= Þeir þingmenn kjördæmisins sem fengu boðsmiða komu á sýninguna (en ekki allir þingmenn kjördæmisins fengu boðsmiða).
– Þessi innskotssetning tilgreinir þá þingmenn sem komu á sýninguna og er nauðsynleg til að merking aðalsetningarinnar komist til skila.

Athugið. Gæta skal þess að bæði er komma á undan og eftir innskotssetningu sem afmörkuð er með kommu.

Athugið. Kommur afmarka ekki heilar setningar sem koma hver á eftir annarri í sömu málsgrein og eru tengdar með samtengingum (sjá 21.1.1).

Alexander kemur þegar hann hefur lokið við tölvuleikinn sem hann keypti í gær.
Hér er komin nútímaleg vara sem höfðar sterkt til ungs fólks sem keppir við tímann.
Oftast vakna ég á morgnana þegar vekjaraklukkan hringir og fer strax í sturtu.

21.1.3 Heimilt er að setja kommu milli setninga ef nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir misskilning þótt það sé ekki í samræmi við fyrrgreindar reglur.

Hún mælti svo, að enginn hafði heyrt snjallari ræðu.
Páll fór inn, í sömu mund og fór að rigna.

Heimilt er að setja kommu til að auðkenna hlé í lestri þótt það sé ekki í samræmi við fyrrgreindar reglur, sérstaklega í löngum málsgreinum.

Ég settist að í bæjarfélaginu fyrir 17 árum og hef ætíð unað hag mínum vel þar innan um fjölskrúðugt mannlíf, en síðustu misseri hefur það dálítið breyst.

21.2 Önnur notkun kommu.

21.2.1 Komma afmarkar innskot og viðauka til nánari skýringar sem ekki eru fullgildar setningar með umsögn. Um innskotssetningar sjá 21.1.2.

Kórstjórinn okkar, hann Egill, var veikur í gær.
Nokkrir starfsmenn, til dæmis Alexandra og Steinþór, ætla til útlanda í sumar.
Hann sagði, auðvitað í hugsunarleysi, ýmislegt móðgandi.
Þær eru farnar heim, stúlkurnar.
Réttu mér bolla, þennan hvíta.
Hann hljóp út, sárreiður og æstur.
Sixpensari, derhúfa með mjúkum kalli.
Loksins komumst við heim, ánægð með daginn.
Þarna voru margir, meðal annars frændfólk mitt.
Ég ætla að koma fljótt aftur, á morgun eða hinn daginn.
Börnin voru mjög veik, einkum eldri krakkarnir.

21.2.2 Komma er höfð í upptalningu nema þar sem notaðar eru samtengingar.

Sigrún, Jón, Aron og Emilía eru systkin.
Á morgun er landafræði, enska, stærðfræði og danska.
Í veislunni voru sniglar í forrétt, nautakjöt í aðalrétt og ís í eftirrétt.
Á morgun er landafræði og enska og stærðfræði og danska.

21.2.3 Komma er höfð þegar orð eru endurtekin.

Þetta er langtum, langtum skemmtilegra.
Já, já.

21.2.4 Komma er höfð til að afmarka ávörp og upphrópanir.

Sæl, Anna, og til hamingju með afmælið.

Fundarstjóri, má ég bera fram athugasemd?

Hvað var það, minn kæri, sem þú vildir okkur segja, þú frægi skrýtni Sölvi Helgason?

Nei, það kemur ekki til greina.

Ó, farðu þér nú ekki að voða.

21.2.5 Komma er sett til að afmarka beina ræðu en ef beinni ræðu lýkur með upphröpunarmerki eða spurningarmerki er kommunni sleppt.

„Þetta skil ég vel,“ sagði Anna.

„Nú er tíminn,“ sagði hann, „til að skipta um rafhlöðu.“

„Þetta er ömurlegt!“ hrópaði Anna.

„Eruð þið búin að skipta um rafhlöðu?“ spurði hann.

21.2.6 Kommur afmarka ekki starfsheiti, titla og frændsemissorð ef þau eru aðeins tvö orð (aðalorð og einkunn) en hins vegar ef þau eru þrjú eða fleiri.

Jóna Árnadóttir formaður mælti fyrir tillögunni.

Jói frændi okkar kom í veisluna.

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands vígði kirkjuna.

Jónas Hallgrímsson, skáld og náttúrufræðingur.

Rósa Jónsdóttir, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri, var í leyfi í fyrra.

21.2.7 Kommur eru valfrjálsar milli tveggja lýsingarorða eða lýsingarháttanna ef þau vísa bæði til orðsins sem þau standa með (hægt að setja *og* í staðinn fyrir kommu).

Þarna var gömul góð kona.

Þarna var gömul, góð kona.

Ef lýsingarorð eða lýsingarháttur myndar heild með orði sem það stendur með þá er ekki höfð komma ef á undan fer annað lýsingarorð eða lýsingarháttur.

Þetta er góð gerilsneydd mjólk.

Hann keypti íslensk ríkistryggð skuldabréf.

21.2.8 Kommur eru notaðar við ritun tugabrota og til að aðgreina aðal- og undirmyntir í fjárhæðum.

Einn deilt með fjórum er 0,25.

Pí er u.þ.b. 3,14.

Kílóíð er á 29,95 kr.

Heyrnartólin kostuðu 70,50 evrur.

22. PUNKTUR

22.1 Punktur er settur á eftir málsgreinum og ígildum þeirra nema þar komi fyrir önnur greinarmerki. Einfalt bil er á eftir punkti í lok málsgreinar.

Punktur í lok málsgreinar:

Réttu mér bollann.

Jón hafði ekki hugmynd um hvort hún hefði komið.

Fór í vinnuna. Ekkert sérstakt gerðist. Helgi hringdi eftir kvöldmat.

Önnur greinarmerki í lok málsgreinar:

Gengur þú alltaf í vinnuna?

Réttu mér bollann!

Jón hafði ekki hugmynd ...

22.2 Punktur er settur á eftir raðtölustaf nema við skástrik.

Guðrún er í 2. bekk.

Á 16. blaðsíðu hefst 3. kafli.

Ætli Kristján X. og Hinrik VIII. hafi verið skyldir?

5/6 (fimm sjöttu eða fimmti sjötti).

22.3 Þegar málsgrein endar á skammstöfun eða raðtölu á ekki að bæta við öðrum punkti.

Hann greiddi henni 100 kr.

Þetta gerðist einhvern tíma í febrúar, líklega 22.

Elísabet var dóttir Hinriks VIII.

Á undan öðrum greinarmerkjum helst hins vegar punktur sem tilheyrir skammstöfunum og raðtölum.

Hún keypti mat fyrir 500 kr.: mjólk og jógúrt.

Hún fékk 500 kr.; peningurinn fór í mat.

Var Elísabet I. dóttir Hinriks VIII.?

22.4 Notaður er punktur til að greina að þúsund í tölum (þó aldrei í ártölum) og mánaðardag, mánuð og ár í dagsetningu.

14.000 manns rituðu nafn sitt á undirskriftalistann.

Íbúar Danmerkur eru fleiri en fimm milljónir (5.707.231 árið 2016).

Sólin er að meðaltali 149.500.000 km frá jörðu.

14.12.2017

22.5 Punktur er einnig notaður til að tákna tíma.

Kl. 2.45

Einnig er hægt að nota tvípunkt til að tákna tíma (sjá 29.5).

22.6 Punktur er að jafnaði notaður í *skammstöfunum* og punktur í þeim táknar að orð sé stytta. Meginreglan er sú að nota einn punkt fyrir hvert skammstafað orð. Ekki er bil á eftir orði í skammstöfun nema milli tveggja skammstafana sem hvor um sig er sjálfstæð eining.

ehf. (einkahlutafélag)

nk. (næstkomandi)

t.d. (til dæmis)

o.s.frv. (og svo framvegis)

cand.med.

ma.kr. (milljarðar króna)

próf. dr.

Athugið. Í sumum tegundum skammstafana er ekki notaður punktur:

Ekki er notaður punktur í skammstöfun samsett orðs ef síðari eða síðasti hluti þess er ekki skammstafaður.

Rvík

Khöfn

Ekki er hafður punktur í skammstöfunum sem eru ritaðar með upphafsstöfum.

ÍR (Íþróttafélag Reykjavíkur)

BHM (Bandalag háskólamanna)

Ýmsar alþjóðlegar skammstafanir í metrakerfinu, heiti frumefna og mælieininga eru ritaðar án punkts.

kg (kíló)

Na (natríum)

V (volt)

23. SEMIKOMMA

23.1 Semikommu má setja milli málsgreina í stað punkts ef þær eru merkingarlega nátengdar en einkum ef síðari málsgreinin táknar afleiðingu hinnar fyrri eða andstæðu hennar. Semikomma táknar meiri skil í málsgrein en komma en minni en punktur.

Það hefur verið mikið ónæði hérna í dag; mér hefur því ekki tekist að ljúka verkefninu.

Jón varð fyrir aðkasti margra; samt lagði hann engum illt til.

Margir réttu honum hjálparhönd; þó kom allt fyrir ekki.

23.2 Semikommu má nota í upptalningu til að afmarka þá liði sem helst eiga saman.

Verslunin selur ýmiss konar vörur: pappír, ritföng; sígarettur, vindla, neftóbak; sápur, ilmvötn og aðra hreinlætisvöru.

Hiti sjúklingsins var 39,6; 38,7; 37,9; 36,9.

Athugið. Tvípunktur en ekki semikomma er settur á undan upptalningu með formlegum inngangsorðum (sjá 29.3).

24. SKÁSTRIK

24.1 Skástrík má meðal annars nota í almennum brotum, sem deilingarmerki (deilingarskástrík), í táknum hraðaeininga og ýmissa annarra mælieininga, í númerum laga og þess háttar og til að tákna tvo eða fleiri mismunandi möguleika í texta.

Tillagan var samþykkt með 3/4 atkvæða.

25/5 = 5.

Ljóshraði er u.þ.b. 300.000 km/sek.

Höfð var hliðsjón af lögum nr. 2/1990 og auglýsingu nr. 132/1974.

Kæli-/hitabúsi er til sölu í versluninni.

Þetta er já/nei-spurning.

Þér/ykkur er hér með boðið til veislu á laugardaginn kl. 20.

Í kössunum eru 20/50/100/500 einingar eftir atvikum.

24.2 Yfirleitt er hvorki haft bil á undan né eftir skástriki en bæði haft bil á undan og eftir því ef öðrum hvorum megin er orðasamband.

1/2

og/eða

London / New York

25. SPURNINGARMERKI

25.1 Spurningarmerki er sett á eftir málsgrein (málsgreinarígildi) sem felur í sér beina spurningu. Ef tvær eða fleiri spurningar koma í röð má aðgreina þær með kommu eða samtengingu og setja spurningarmerki í lokin.

Hvað er í matinn?

„Hvenær kemur þú heim?“ spurði Jón.

Hvað?

Hvert ferðu, hvers vegna og hvenær kemurðu aftur?

Er það í fyrramálið sem hún fer eða á sunnudaginn?

25.2 Hafa ber í huga mun á beinum og óbeinum spurningum. Ekki er spurningarmerki á eftir óbeinni spurningu.

Hann spurði: „Hvar er skjalið?“ (bein spurning)

Hann spurði hvar skjalið væri. (óbein spurning)

26 STRIK OG BÖND

26.1 *Bandstrik* er notað í margs konar tilvikum.

26.1.1 Bandstrik er notað í samsettum og afleiddum orðum þar sem fyrri liðir eru tölur, tákni eða bókstafir eða skammstafanir.

13-menningarnir, F-15-þota, x-ás, n-ta veldi

BA-nemi, AA-fundur

26.1.2 Til að auðkenna óaðlöguð erlend orð í samsetningum frá íslenskum orðhluta.

chihuahua-hundur, downs-heilkenni, New York-ríki

26.1.3 Á milli orðliða í örnefnum og fleiri heitum þar sem síðari liður er sérnafn.

Norður-Íshaf, Víga-Glúmur

26.1.4 Í ýmsum lýsingarorðum sem eru samsett úr tveimur eða fleiri samtengdum en sjálfstæðum stofnum.

grísk-rómverskur

26.1.5 Bandstrik er stundum notað ef það horfir til skýrleika eða til að aðgreina orðliði í samsetningum sem annars féllu saman og yrðu torkennilegir. Einnig til að auðkenna andstæðu. Þar er einnig hægt að nota skástrík (sjá 24.1).

no-leikur, eða-merki, sísegul-hverfjárnsmælitæki

já-nei-spurning

26.1.6 Í laustengdum og oft óformlegum setningarliðasamsetningum.

munn við munn-aðferð

26.1.7 Til að afmarka beygingarendingu beygðs bókstafs eða tákns.

brottfall t-s

26.1.8 Í stað orðliða sem hafa verið teknir út til að komast hjá endurtekningu.

ís- og sælgætiskaup

Hitt meginhlutverk bandstriks er að auðkenna þegar orðum er skipt milli lína (sjá 33). Það kallast þá skiptistrik.

26.2 *Millistrik* er meðal annars notað með tölum og til að tákna talnabil en einnig í öðrum tilvikum.

26.2.1 Tengir saman tölur eða töluorð í ýmiss konar talnabilum og ártölum og stundum önnur orð. Hvorki er bil á undan né eftir slíku striki.

13–15

18.–21. ágúst

15. mars–14. apríl

(1555–eftir 1643)

mars 2013–janúar 2014

Hún verður tvo–þrjá mánuði í burtu.

Flugleiðin Reykjavík–Egilsstaðir

–5 frost

26.2.2 Til að tákna frádrátt, í samsettum heitum stofnana og fyrirtækja, fyrirsögnum og til að afmarka liði í lista.

$23 - 15 = 8$

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Hveragerði – vin skáldanna

26.2.3 Í stað hefðbundinna þankastrika og nefnast þá stutt þankastrik (sjá 26.3).

Á Íslandi – og hvergi nema á Íslandi – er þetta náttúrufyrirbæri að finna.

Mér líkaði vel við hann – oftast.

26.3 *Þankastrik* afmarka ýmis innskot eða viðauka. Stíll og merking ræður því í hverju tilviki hvort valin eru strik fremur en kommur eða svigar.

Á Íslandi — og hvergi nema á Íslandi — er þetta náttúrufyrirbæri að finna.

Mér líkaði vel við hann — oftast.

27. SVIGAR OG HORNKLOFAR

27.1 Sviga má setja utan um innskot sem sett eru til skýringar.

Árið eftir (1928) fluttist Guðrún suður.

Skip sem flytja eldfim efni skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsigli.

Svigar eru settir utan um valfrjálsa stafi.

Veistu hvort mannsnafnið Auðun(n) var algengt fyrir á öldum?

Hve ánægð(ur) ertu með þjónustu fyrirtækisins?

27.2 Hornklofar eru settir utan um það sem skotið er inn í orðréttu tilvitnun.

Hann sagði: „Ég óska kennaranum [þ.e. Halldóru] alls hins besta.“

Hægt er að setja hornklofa utan um úrfellingarpunkta, sérstaklega í orðréttum tilvitnunum (sjá 31.2).

Í Egils sögu segir: „Ver þú vel við,“ segir Egill, „þótt eg bakist við eldinn [...]“.

28. TILVITNUNARMERKI (GÆSALAPPIR)

28.1 Tilvitnunarmerki.

Tilvitnunarmerki eru notuð til að afmarka beina ræðu í frásögn, orðréttar tilvitnanir, einstök orð og orðasambönd (meðal annars til að gefa í skyn háð eða að málnotkunin sé ekki heppileg eða fullgild). Íslensk tilvitnunarmerki eru „svona“.

„Bara að ég hefði aldrei tekið lykilinn,“ hugsaði Pétur.

Afi sagði: „Hertu þig nú, strákur.“

Fyrirtækið fékk sérstaka viðurkenningu fyrir „lofsvert framtak í umhverfismálum“.

Hann sagði „strax“ en átti við „eftir klukkutíma“.

Þessi „trausti vinur“ sveik mig illilega.

Mér hefur aldrei fundist hann sérlega „sympatískur“.

Ef bein ræða hefst eða endar á annarri beinni ræðu sem skotið er inn í hana skal ljúka hvorri þeirra með sínum tilvitnunarmerkjum. Þannig geta tvöföld tilvitnunarmerki verið í röð í lok setningar og er þá ekkert bil á milli þeirra.

Ásgeir mælti: „Afi sagði: „Hertu þig nú, strákur“ þegar hann vildi hvetja mig.“

Ásgeir mælti: „Afi sagði við mig: „Hertu þig nú.““

28.2 Einföld tilvitnunarmerki.

Einföld tilvitnunarmerki eru höfð utan um merkingu orða eða orðasambanda. Þau eru ‘ ’ eða , ‘ .

Orðið *fákur* merkir ‘hestur’.

Orðið *fákur* merkir ,hestur‘.

29. TVÍPUNKTUR

29.1 Tvípunktur er settur á undan beinni ræðu eða beinni tilvitnun ef á undan fara inngangsorð.

Alexander hugsaði sig um stundarkorn og sagði svo: „Jú, þetta er rétt hjá þér.“

Í ritgerðinni stendur: „Bústaðurinn er frá 12. öld.“

29.2 Tvípunktur er settur á undan skýringu á eftir setningu sem væri málfræðilega sjálfstæð málsgrein þótt skýringunni væri sleppt. Tvípunkturinn tengir, sama merking og hugsun heldur áfram.

Loks var þetta ákveðið: Óskað verður eftir nauðasamningum hið fyrsta.

29.3 Tvípunktur er settur á undan upptalningu á eftir formlegum inngangsorðum.

Þetta vantar: hamar, nagla og skrúfur.

Meginviðfangsefni okkar eru: viðhald og endurbætur, styrking innviða og framtíðarsýn.

29.4 Notaður er upphafsstafur á eftir tvípunkti ef um er að ræða fullkomna, sjálfstæða málsgrein eða sérnafn.

Loks var þetta ákveðið: Óskað verður eftir nauðasamningum hið fyrsta.

Hún fór til þriggja landa: Noregs, Ítalíu og Frakklands.

Annars er ritaður lítill stafur (sjá einnig 29.3).

Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn: missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga.

Hún festi kaup á þrenns konar ávöxtum: eplum, appelsínum og perum.

29.5 Tvípunkt má einnig nota til að tákna birta tíma, úrslit o.fl.

Kl. 2:45

Leikurinn fór 84:78

Einnig er hægt að nota punkt til að tákna tíma (sjá 22.5).

30. UPPHRÓPUNARMERKI

30.1 Upphrópunarmerki má setja á eftir einstökum orðum eða málsgreinum sem fela í sér upphrópun sem á að koma til skila fögnuði, skipun, kveðju, fyrirlitningu, háði, undrun og fleira.

Þvílík heppni!

Upp með hendur!

Góðir áheyrendur!

Svei!

Hún borðaði tómatsósu (!) með grásleppunni.

30.2 Yfirleitt er betra að láta spurningar sem eru í raun upphrópanir enda á upphrópunarmerki en spurningarmerki. Ekki er mælt með því að láta setningu enda bæði á upphrópunarmerki og spurningarmerki:

Hvernig gátuð þið gert þetta!

31. ÚRFELLINGARMERKI, ÚRFELLINGARPUNKTAR

31.1 Úrfellingarmerki (´) sýnir annaðhvort að felldur hafi verið brott stafur eða stafir eða að fella eigi niður í framburði stafi sem ritaðir eru.

Það átt' ekki við 'ann að rjúfa sín heit.

Ólafur fæddist '87.

'68-kynslóðin vildi láta til sín taka.

Horn skella' á nösum og hnútur fljúga' um borð.

31.2 Úrfellingarpunktur, sem eru sjálfstætt tákni (...), eru notaðir til þess að sýna að texti hafi verið felldur brott eða til að tákna hik, eitthvað sem er ólokið, óljóst eða gefið í skyn. Á undan úrfellingarpunktum er stafbil ef næst fyrir framan þá kemur heilt orð. Stafbil er ekki haft aftan við úrfellingarpunkta ef önnur greinarmerki fara á eftir þeim.

Margir ... lögðu sitt af mörkum.

Ævintýri enda oft á formúlubundinn hátt: Köttur úti í mýri ...

Áttu við ..., sagði pabbi og svo þagnaði hann líka.

Er hann nokkuð ...?

Egill það matseljuna verða vel við „... þótt eg bakist við eldinn og mýkjumst vér við um rúmin“.

Í Egils sögu segir: „Ver þú vel við,“ segir Egill, „þótt eg bakist við eldinn ...“.

Ef felldur er niður hluti orðs er ekkert bil haft á undan úrfellingarpunktum.

Hver í andsk... var þetta eiginlega?

Fyrst varð ég að sópa og mjó... nei, gefa hænsnunum.

Hægt er að afmarka úrfellingarpunkta enn betur með því að hafa hornklofa utan um þá (sjá 27.2). Þetta er sérstaklega gert í beinum tilvitnunum sem eru stytta.

Ævintýri enda oft á formúlubundinn hátt: Köttur úti í mýri [...]

Í Egils sögu segir: „Ver þú vel við,“ segir Egill, „þótt eg bakist við eldinn [...]“.

32. AFSTAÐA TILVITNUNARMERKJA OG SVIGA TIL ANNARRA GREINARMERKJA

32.1 Punktur, kommur, spurningarmerki og upphrópunarmerki eru sett *á undan* seinna tilvitnunarmerki ef þau auðkenna heila málsgrein eða tilsvarendi.

Guðmundur sagði: „Börnin eiga að koma heim.“

„Ég held,“ sagði hún, „að þetta geti gengið.“

„Hver er þetta?“

„Hvað þá!“

Punktur, kommur, spurningarmerki og upphrópunarmerki eru sett *á eftir* seinna tilvitnunarmerki ef þau auðkenna aðeins hluta málsgreinarinnar.

Hann sagði „strax“ en átti við „eftir klukkutíma“.

Eftir þetta „féll hann niður örendur og er þar með úr sögunni“.

32.2 Punktur, spurningarmerki og upphrópunarmerki eru sett *á undan* seinni sviga (þ.e. innan sviga) ef svigarnir afmarka heila málsgrein eða tilsvarendi. Einnig geta spurningarmerki og upphrópunarmerki komið innan sviga ef þau eiga aðeins við það sem er í svigunum en ekki alla málsgreinina.

Þá reis deila milli bænda og sjómanna. (Verkamenn tóku ekki afstöðu.)

Þá reis deila milli bænda og sjómanna. (Hver var afstaða verkamanna?)

Þá reis deila milli búenda (svo!) og sjómanna.

Punktur (kommur, spurningarmerki og upphrópunarmerki) eru sett *á eftir* seinni sviga (þ.e. utan sviga) ef svigarnir afmarka aðeins hluta málsgreinarinnar.

Hún sagðist ætla að koma fljótt aftur (í maí eða júní).

32.3 Semikommur eru hafðar aftan við gæsalappir og sviga.

Hann sagði: „Ég tók ekki veskið“; enginn trúði honum.

Þingmaðurinn fór þá með gamanvísur (ekki í fyrsta sinn); hló þá þingheimur.

33. ORÐSKIPTING

33.1 Samsett orð.

Best fer á því að skipta samsettum orðum og forskeyttum um samskeyti (stofnamót) og fleirsamsettum um aðalsamskeyti. Verði því ekki við komið má skipta orði um aukasamskeyti eða skipta síðasta orðhlutanum eins og um ósamsett orð væri að ræða.

borð-dúkar

for-maður

gatna-mót

dýraverndunar-hópur

vegavinnu-skúr

dýra-verndunarhópur

vega-vinnuskúr

dýraverndunarhóp-ur

borðdúk-ar

Sama gildir um viðskeytt orð ef viðskeytið er í málvitundinni sjálfstæð heild og tökuorð, lengri en tvö atkvæði, sem túlkuð eru sem samsett orð (sýndarsamsetningar).

sann-leikur

list-rænn

strák-lingur

abba-dís

krókó-díll

pre-díka

víta-mín

33.2 Ósamsett orð.

33.2.1 Skipta skal ósamsettum orðum þannig að síðari hluti hefjist á sérhljóði endingar, greinis eða viðskeytis.

hundarn-ir

vænst-ur

manns-ins

skip-un

Síðari hlutinn má þó ekki vera aðeins einn stafur (ekki: *karf-a*). Fyrri hluti orðskiptingar getur hins vegar verið aðeins einn stafur, til dæmis *á-stríða*, *í-hlut-un*, *ó-lán*.